

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Reykjagarður Ásmundarstöðum



Dags eftirlits	5.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Reykjagarður	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Ásmundarstaðir	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6509032180	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingbórsson	ÍSAT nr.	01.47.1
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hilmarsdóttir	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sett voru þrjú frávik frá lögum, reglum og kröfum í starfsleyfi er varða umhverfismarkmið, skráningar á rekstrarþáttum og skil á útstreymisbókhaldi. Einnig voru settar fram tvær ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni sem báðar varða neyslugeymirinn á svæðinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit á Ásmundarstaði þann 5. júlí 2024. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 22. september 2023 sem gildir til 22. ágúst 2039

#### Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjölum
- Umhverfismarkmið (2.1)
- Umhverfisstjórnunarkerfi (2.5)
- Áhættumat vegna hættu á mengun hafs og stranda (2.6)
- Trygging vegna bráðamengunar (2.8)
- Skráningar (4,1)
- Ársyfirlit (4.3)
- Grænt bókhald
- Útstreymisbókhald
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Annað

#### Niðurstöður síðasta eftirlits

Fyrir eftirlitið voru útistandandi eitt frávik og tvær ábendingar.

Frávik frá 40. gr í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir samanber 16. liður 5. gr. reglugerðar 935/2018 um BAT. Rekstraraðili framkvæmir ekki mælingar eða úteikninga á losun frá starfseminni í samræmi við töflur 1.1, 1.2 og 3.1 í BAT niðurstöðum sem gilda fyrir starfsemina. Samkvæmt úrbótaáætlun dagsett 9. júní 2022 var vinna við útreikninga hafin þegar úrbótaáætlunin var skrifuð og voru áætluð verklok 31. apríl 2023. Gögnum hefur verið skilað fyrir árin 2021-2023. Fráviki lokað.

Þörf er á að endurskoða hvort rekstraraðili skrái í rekstrardagbók alla þá þætti sem skulu skráðir sbr. 4. gr. starfsleyfis. Í eftirlitinu 2024 kom fram að úrbóta er enn þörf á skráningum á: þjálfun og reynslu starfsmanna, viðhaldi, eftirliti og bilunum, mengunaróhöppum, prófunum og kvörðun. Einnig vantar teikningar af frárennslinu.

Þörf er á að endurskoða árekstravarnir og lekavarnir kringum húsa- og neyslugeyma á svæðinu og tryggja að þeir uppfylli kröfur í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Engar úrbætur á árekstra- eða mengunarvörnunum hafa farið fram en í eftirlitinu var rætt um að setja þurfi slétt undirlag undir húsageymana og neyslugeymirinn sem gerir rekstraraðila kleift að framkvæma sjónrænt eftirlit með því hvort tankarnir leki. Mikilvægt er að slangan sem notuð er til að dæla olíu úr neyslugeyminum sé þannig komið fyrir að ekki sé hættu á að keyrt sé á hana eða hún skaðist. Ásamt því að setja viðameiri árekstravarnir á bæði húsa- og neyslugeymana.

#### Kynning á fylgiskjölum

Farið var yfir þau gögn sem send voru til rekstraraðila samhliða boðun eftirlitsins um gagnagrunn um mengaðan jarðveg, breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits og nýja gjaldskrá.

### Umhverfismarkmið

Rekstraraðili er með umhverfisstefnu fyrir fyrirtækið í heild en engin ápreifanleg markmið sem hægt er að uppfylla. Rekstraraðili var með umhverfismarkmið sett til ársins 2023. Rekstraraðili er þó með mörg verkefni í gangi sem ættu að teljast sem umhverfismarkmið. Rætt var um að rekstraraðili setji upp umhverfismarkmið og sendi inn til Umhverfisstofnunar hið snarasta.

### Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili er ekki með neitt eiginlegt umhverfisstjórnunarkerfi en allir þættir sem taldir eru upp í BAT1 eru hluti af þeirri aðferð sem rekstraraðili notar við reksturinn.

### Áhættumat vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili er með almennt áhættumat fyrir reksturinn og er áhættumat vegna mengunar hafs og stranda hluti af því.

### Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði í eftirlitinu tryggingaskírteini fyrir yfirstandandi ár.

### Skráningar

Í eftirlitinu 2024 kom fram að úrbóta er þörf á skráningum sem samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfinu skal halda utan um. Við yfirferð kom í ljós að bæta þarf skráningu á: þjálfun og reynslu starfsmanna, viðhaldi, eftirliti og bilunum, mengunaróhöppum, prófunum og kvörðun. Einnig eru ekki til teikningar af frárennslinu.

### Ársyfirlit

Í gr. 4.3 kemur fram hverju skal skila í ársyfirlitinu. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla starfsleyfisins. Þar sem starfsleyfið tók gildi seinni hluta síðasta árs verður fyrsta ársyfirlitinu skilað fyrir 1. maí 2025.

### Grænt bókhald

Grænu bókhaldi var skilað fyrir 1. maí bæði fyrir árið 2022 og 2023.

### Útstreymisbókhald

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var skilað fyrir 1. maí 2023 en einungis hluta upplýsinganna sem skila skal var skilað fyrir árið 2023 og skilin því ekki fullnægjandi. Fyrir árið 2023 vantaði upplýsingar um losun á metan, upplýsingar um metanlosun bárust þann 16. ágúst 2024.

### Áhættumat

Farið var yfir áhættumat starfseminnar fyrir tíðni eftirlits í eftirlitinu.

### Kvartanir

Kvartanir hafa hvorki borist til rekstraraðila né Umhverfisstofnunar frá síðasta eftirliti.

### Vettvangsferð

Farið var í vettvangsferð og skoðað sérstaklega vinnu við framkvæmdir á uppeldishúsi. Einnig var neyslugeymirinn skoðaður sérstaklega og þá möguleikinn á að koma áfyllingaröngunni þannig fyrir að ekki sé hættu á að hún verði fyrir skaða.

### Annað

Skoða þarf hvort afgreiðslubýssan á neyslugeyminum sé útbúin útsláttarbúnaði sbr. 41. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 2.1 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmið voru í gildi til 2023. Engin umhverfismarkmið hafa verið sett eftir það.
gr. 4.1 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem taldir eru upp í gr. 4.1 í starfsleyfinu og skulu vera aðgengilegir eftirlitsaðila. Ekki allir þættirnir eru skráðir.

kröfum í reglugerð nr. 990/2008 um  
ústreymisbókhald.

Fullnægjandi ústreymisbókhaldi var ekki skilað fyrir tilskilinn tíma vegna  
ársins 2023.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að skoða hvort afgreiðslubyssan á neyslugeyminum sé útbúin útsláttarbúnaði sbr. 41. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olfúmengun frá starfsemi á landi.

Rekstraraðila var bent á að koma áfyllingarslöngu neyslugeymisins fyrir á þann hátt að hún verði ekki fyrir skaða.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.08.2024



Kristín Kröyer

